

Mál nr. 19/2010

Ár 2010, mánudagur 23.08, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 19/2010:

X

Gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar

Siðanefnd barst bréf dagsetts 7. apríl 2010 þar sem kærandi hefur uppi áskanir um brot kærðu/a á grundvallarreglum félagsins. Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar þann 26. apríl 2010. Í framhaldi var kærðu/a send kæran ásamt gögnum sem varð til þess að kærði sendi inn umsögn 26. maí. Kæranda var kynnt umsögnin. Þegar siðanefnd taldi allar upplýsingar og öll sjónarmið komin fram voru aðilar boðaðir á sáttafund sem haldinn var 23. ágúst. Þar sem sættir tókust ekki milli aðila var málið tekið til úrskurðar hjá nefndinni.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Við skráningu á hvolpum fæddum 25. nóvember 2009 undan Papillon tíkinni XX hjá kæranda kom í ljós að tíkin hafði ekki náð tveggja ára aldri þegar hún var þöruð með hundinum YY þann 23. september 2009. Kærandi telur um að ræða brot á grundvallarreglum félagsins og lagði málið því fyrir siðanefnd til úrlausnar.

Í andsvörum kærðu/a kom fram að kærða/i hefði staðið í þeirri trú að það væri í lagi að para tíkina fyrir tveggja ára aldur. Kærða/i bar því við að hafa haft vitneskju um að formaður Papillon og Phaléneideildar hefði parað tík fyrir tveggja ára aldur. Kærða/i viðurkenndi að hafa ekki kynnt sér reglur félagsins nógu vel og að kærða/i bæri alfarið ábyrgð á því.

III. Forsendur

Samkvæmt grein 3.3 í grundvallarreglum félagsins ber félagsmanni í HRFÍ að:

„Para ekki tík fyrir tveggja ára aldur (taka mið af þeim aldri er viðkomandi sérdeild mælir með)“

Eins og málið liggur fyrir siðanefnd er ekkert fram komið um að Papillon og Phaléneideildin hafi sótt um undanþágu frá grundvallarreglum félagsins um lágmarksaldur. Gildir því tveggja ára lágmarksaldur um framangreinda þörun. Samkvæmt því er hægt að fallast á að kærða hafi gerst brotleg við grein 3.3 í grundvallarreglum félagsins.

IV. Niðurstaða

Kærða/i telst hafa gerst brotleg við grundvallarreglur HRFÍ.

Kærða/i er áminnt(ur)

f.h. siðanefndar

Herdís Hallmarsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir